



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

Alþingi
Erindi nr. P 131/1554
komudagur 25.4.2005

Borgarnesi, 25. apríl 2005.


Nefndasvið Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 Reykjavík.

Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2005 – 2008.

Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2005 – 2008.

Meðfylgjandi eru ályktanir samgöngunefndar SSV, sem samþykktar voru á aðalfundi SSV, sem haldinn var 27. október 2004. Eru þær lagðar fram sem svar/umsögn umræddrar tillögu tilþingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2005 – 2008.

Virðingarfyllst


Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi: ályktanir aðalfundar SSV um samgöngumál.

Samgöngumál-Samgöngunefnd

**Aðalfundur SSV haldinn í Stykkishólmi, 27. október 2004
leggur fram eftirfarandi ályktanir um samgöngumál:**

Aðalfundur SSV fagnar:

- Þeim framkvæmdum sem orðið hafa að veruleika á síðustu árum, eins og íbúar og gestir Vesturlands hafa kynnst og fundið fyrir, nú síðast með brúnni yfir Kolgrafarfjörð, svo eitthvað er nefnt.
- Átaki til að fækka einbreiðum brúm.
- Að áfram verði unnið samkvæmt gildandi Vegaáætlun þar sem mörg mikilvæg verkefni eru á framkvæmdaráætlun á Vesturlandi.

Aðalfundur SSV bendir á:

- Að í Norðvesturkjördæmi er engin þennsla eða offramboð á atvinnu og því óraunhæft að samdráttur verði á vegafé í kjördæminu. Aukafjármagn hefur ekki farið í vegakerfi Vesturlands á liðnum árum
- Nauðsyn þess að viðhalda því vegakerfi sem nú þegar hefur verið byggt upp.

Aðalfundur SSV leggur áherslu á:

- Að hraða uppbyggingu þjóðveggar 1 í Norðurárdal, eins og kostur er.
- Að leggja fjármagn í að ljúka uppbyggingu vegar um Fróðárheiði og Útnesveg.
- Að auka fjármagn til uppbyggingar og viðhalds tengivega, safnvega og styrkvega.
- Að hraða uppbyggingar vegar um Svínadal í Döllum.
- Að lagfæra gatnamót Varmalands og Borgarfjarðarbrautar.
- Halda áfram uppbyggingu á Skorradalsvegi.
- Að allir vegir með yfir 100 ÁDU (bílar/dag/ár) verði lagðir bundnu slitlagi á allra næstu árum. Aðrir vegir lagðir unnu malarslitlagi.
- Að tryggja fjármagn til girðinga meðfram öllum þjóðvegum landsins og veghaldara verði skylt að sjá um viðhald á öllum girðingum meðfram vegum sem hafa meira en 300 SDU (Sumardagsumferð)
- Að leita verði leiða til að lækka gjaldið í Hvalfjarðargöngum. (Varðandi þennan lið leggur Samgöngunefndin til að aðalfundurinn skipi þriggja manna nefnd til að fylgja málinu eftir.)

Aðfundur SSV hvetur til þess að:

- Að hraðað verði tengingu Sundabrautar, sem er mikið hagsmunamál Vesturlands og þá einnig alls Norðvesturkjördæmis.
- Að halda áfram við endurbætur á vegi milli vestur og suðurlands um Uxahryggi og Lundarreykjadal.
- Að hugsað verði að úrbótum vega á Skógaströnd, Fellsströnd og á Laxárdalsheiði.
- Farið verði betur í undirbúningsrannsóknir á vegsstæði yfir Grunnafjörð.
- Að þjóðvegir nr. 502 og 504 verði endurbyggðir með bundnu slitlagi. Vegargerðin, heimamenn og þingmenn nái samkomulagi um forgangsroð.

Fjarskiptamál

Aðalfundur SSV fagnar þeim áföngum sem þegar hafa unnist í fjarskiptamálum. Fundurinn skorar á Símann að sjá til þess að verðskrá og flutningsgeta hans stuðli ekki að rýrari samkeppnisstöðu einsstakra landssvæða gagnvart öðrum. Það er forsenda þess að fjarvinnsla á landsbyggðinni sé raunhæfur kostur. Einnig minnir fundurinn enn og aftur á nauðsyn þess að þetta GSM senda á landsbyggðinni enn frekar.